Fullgild rafræn undirskrift
ANNA METTA NORÐDAHL
2026-07-10 13:01:22 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÖGMUNDUR EIRÍKSSON
2026-07-10 13:49:05 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MARIA SOFIA CASTILLO FEO LA CRUZ
2026-07-10 14:27:06 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RAGNA HJARTAR
2026-07-10 18:14:06 GMT
Ástæða: Undirskrift

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Ævintýraborg við Nauthólsveg

2026– 2027



Virðing, vinátta og vellíðan

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 4
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 6
4. Starfsþróunarsamtöl 8
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 8
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 8
7. Foreldrasamstarf 8
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 8
9. Þróunarverkefni 8
10. Fylgiskjöl: 9
10.1 Innra mat yngri deilda 2025-2026 9
10.2 Innra mat eldri deilda 2025-2026 10
10.3 Umbótaáætlun yngri deilda 2026-2027 11
10.4 Umbótaáætlun eldri deilda 2026-2027 12
10.5 Leikskóladagatal 2026-2027 13
10.6 Umsögn foreldraráðs 14

1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2025 til 2026 var ár stöðugleika og vaxtar í Ævintýraborg við Nauthólsveg. Það er góður starfsmannahópur í leikskólanum og þó að hafi orðið einhverjar breytingar á honum fyrir áramót og nýtt fólk komið inn í byrjun þessa árs hefur síðan um áramót verið mikill stöðugleiki. Fastir starfsmenn ætla allir að halda áfram næsta vetur og margir þeirra hyggja á frekara nám samhliða starfi sínu.

Við höfum verið vel mönnuð þannig að við höfum getað brugðist við öllum forföllum sem hafa komið upp án þess að þurfa að fara í fáliðun. Starfsmannahópurinn er frekar ungur og við hefðum viljað vera með fleiri kennara í hópnum, en allt starfsfólk hefur vaxið mikið í starfi yfir þetta skólaár og við erum þakklát fyrir að hér er hópur sem einkennist af jákvæðu og hugmyndaríku fólki sem sýnir frumkvæði í starfi og ber umhyggju og virðingu fyrir börnum.

Í vetur hafa fjórir starfsmenn verið í kennaranámi og undirbúningsnámi fyrir kennaranám og næsta vetur verða átta starfsmenn í námi. Starfsfólk hefur auk þess sótt styttri og lengri námskeið og við höfum nýtt skipulagsdaga vel til fræðslu. Á skipulagsdögum hafa tvisvar verið haldnir fyrirlestrar um útinám og einu sinni námskeið á vegum Miðstöðvar útivistar og útináms auk þess sem haldið var skyndihjálparnámskeið. Á næsta skólaári ætlum við að vera dugleg að sækja okkur frekari fræðslu, vera með námskeið og fyrirlestra á skipulagsdögum og stefnt er að því að fara í námsferð utan vorið 2027.

Við erum að innleiða útinám hjá okkur í Ævintýraborg og leggjum ríka áherslu á nám í nærumhverfinu eða staðtengt nám *e. Place-based learning*, sem byggir á reynslu barnanna sjálfra í nærumhverfi þeirra. Leikskólinn er einstaklega vel staðsettur við rætur Öskjuhlíðar og stutt í Nauthólsvík. Allar deildir hafa farið að minnsta kosti einu sinni í viku í skóginn í útikennslustofuna og að auki hafa flestar þeirra farið reglulega í skóginn sem er þannig mikið nýttur, til leiks, rannsókna og sköpunar í skólastarfinu. Eldri deildirnar hafa líka verið mikið á ferðinni, um nærumhverfið og borgina.

Nú eru fjórar deildir í Ævintýraborg, Furuhlíð, Grenihlíð, Birkihlíð og Lerkihlíð en áætlað er að opna tvær deildir í viðbót í haust, Víðihlíð og Reynihlíð.

Í innra mati leikskólans fyrir síðasta skólaár kemur fram að starfsandi er góður og góð samvinna á deildum og milli deilda. Útinám er orðinn fastur liður í dagsskipulagi og markvisst er unnið með málörvun og læsi þó að alltaf sé rými til að gera betur og í ytra mati sem fólst í starfsmannakönnun kom fram að ánægja er almenn og starfsfólk stolt af leikskólanum sínum.

Á næsta skólaári ætlum við að leggja áherslu á umbótaþætti sem snúa að uppeldis- og menntastarfi, mannauði og leikskólabrag. Markmið okkar að efla útinámið hjá okkur enn frekar og leggja mikla áherslu á málörvun og læsi. Við viljum stuðla að starfsþróun þannig að allt starfsfólk geti vaxið enn frekar í starfi með meiri fagvitund og þekkingu á leikskólastarfi og frekari samvinnu heimila og skólans með öflugu foreldrafélagi og foreldrasamstarfi.

Við erum stolt af leikskólanum okkar og starfinu sem við höfum verið að vinna í vetur og starfsfólkinu okkar og hlökkum til að hefja næsta skólaár með þessum góða hópi.

Anna Metta Norðdahl
Leikskólastjóri í Ævintýraborg við Nauthólsveg

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Starfsandi
Hvernig fór matið fram?	Í starfsþróunarviðtölum og á deildarfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats	Starfsandi er góður. Góð samvinna á deildum og á milli deilda. Starfsfólk er áhugasamt um starf sitt og móttækilegt fyrir breytingum, umbótum og fræðslu. Aukin símenntun starfsfólks.

Hvað var metið?	Útinám
Hvernig fór matið fram?	Allt starfsfólk á deildarfundum á starfsdegi, vor 2026.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats	Útinám er orðinn fastur hluti af dagskipulagi. Það hefur gengið vel en það eru tækifæri til að fjölga ferðum og vinna markvissara með áherslur leikskólans í útinámi. Einnig er hægt að skipuleggja ferðir betur með hliðsjón af barnahópum.

Hvað var metið?	Málörvun
Hvernig fór matið fram?	Allt starfsfólk á deildarfundum á starfsdegi.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats	Nokkuð vel hefur gengið að framfylgja markmiðum síðasta árs en enn er rými til að gera betur á öllum sviðum. Vinna með málörvun hefur almennt gengið vel á deildum, en það eru rík tækifæri til umbóta. Gott væri að samræma betur vinnubrögð með Lubbaefni. Auka fræðslu og eftirfylgni.

Hvað var metið?	Leikur á yngri deildum.
Hvernig fór matið fram?	Allt starfsfólk á deildarfundum á starfsdegi, vor 2026. Símat á deildarstjórafundum 2025-2026.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats	Rýmið hefur verið vel nýtt og börnin fengið tækifæri og tíma til þess að prófa margskonar leiki. Leikurinn verið nýttur sem tækifæri til að æfa félagsfærni með góðum árangri.

Hvað var metið?	Kubbar á eldri deildum.
Hvernig fór matið fram?	Allt starfsfólk á deildarfundum á starfsdegi, vor 2026. Símat á deildarstjórafundum 2025-2026.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats	Skipulagið á kubbasvæði er gott og hefur verið nýtt markvisst. Vinna með kubba mætti vera markvissari og mikilvægt er að auka fræðslu til starfsmanna um vinnu með eininga- og holukubba.

Ytra mat

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannakönnun – Stofnun ársins
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	Helstu niðurstöður voru almenn ánægja með stjórnun og starfsanda á vinnustaðnum. Og starfsfólk er stolt og ánægt með vinnustaðinn. Helstu athugasemdir voru við launakjör og sveigjanleika í starfi.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Starfsþróun	
Mannauður	Að auka fagvitund og þekkingu starfsfólks á leikskólastarfi, með áherslu á málþroska barna og útinám.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að allir starfsmenn leikskólans fái fræðslu á starfsdögum, frá stjórnendum, MÚÚ og Miðju máls og læsis, sem og leiðsögn í daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fyrirlestrar/námskeið á starfsdögum sem tengjast áherslum leikskólans á útinám og læsi. Starfsfólki gefin tækifæri til að afla sér frekari þekkingar á námskeiðum/ráðstefnum utan leikskóla. Námsferð utan til að fræðast um útinám.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Upphaf skólaárs 2026 til loka skólaárs 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Metið af leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra í maí 2027 út frá símati, vettvangsathugunum og starfsþróunarviðtölum.
Viðmið um árangur.	Aukin fagmennska í starfi. Að starfsfólk upplifi sig öruggari í starfi, sýni meira frumkvæði og finnist það hafa aukið við þekkingu sína í starfi.

Útinám	
Uppeldis- og menntastarf	Gefa útinámi meira vægi í daglegu starfi leikskólans og að nám barna byggi á reynslu þeirra sjálfra í nærumhverfi sínu og samfélagi.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að gefa útinámi, utan leikskóla og leikskólalóðar, meiri tíma og rými í dagskipulagi deilda. Að tengja nám í nærumhverfinu við námssvið leikskóla: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útinám fær meiri tíma í dagskipulagi deilda. Útinám er skipulagt út frá námssviðum leikskólans og þeim þemum sem verið er að vinna að hverju sinni.
Ábyrgð	Deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Aðstoðarleikskólastjóri gerir reglulegar vettvangsathuganir. Deildastjórar gera reglulegar skráningar. Viðtöl við börn á eldri deildum í maí. Símat á deildarfundum. Jafningjamat á deildastjórafundum.
Viðmið um árangur.	Að börnin upplifi sig örugg í leik og starfi utan leikskólans og geti tjáð sig um náttúru í borginni og borgarmenningu. Að börnin fari tvisvar sinnum í viku út fyrir leikskólalóðina. Að markvisst hafi verið unnið með tengsl útináms og námssviða leikskólans.

Læsi	
Uppeldis- og menntastarf	Leggja meiri áherslu á málörvun í daglegu starfi leikskólans.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að málörvun fái meira vægi í daglegu starfi og skipulagi deilda.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Samverustundir verði skipulagðar út frá aldri, þar sem söngur, lestur, þulur og rím fær aukið vægi. Sögustundir verði fjölbreyttari og m.a. notaðir sögupokar og sögubíó. Bækur og ritmál og sjónrænt skipulag verði sýnilegt á öllum deildum. Unnið verður markvisst með Lubba á öllum deildum með hliðsjón af hljóðþróun barna. Unnið verður markvisst með orðaforða á öllum deildum tengt þemavinnu.
Ábyrgð	Deildastjórar og leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið:	Leikskólastjóri gerir reglulegar vettvangsathuganir. Deildarstjórar gera reglulegar skráningar. Símat á deildarfundum. Jafningjamat á deildarstjórafundum. Skimarnir: Tras, Efi, Hljóm.
Viðmið um árangur	Sjá marktækar framfarir í málþroska barna Að aðgerðum hafi verið fylgt eftir og séu orðnar fastur hluti í daglegu starfi deilda. Að starfsfólk upplifi sig öruggara í að sjá um og skipuleggja málörvunarstundir.

Foreldrafélag	
Leikskólabragur	Að virkja foreldrafélag og foreldrastarf.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að foreldrafélag stofni reikning, fundi reglulega, og haldi viðburði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kosið verður aftur í foreldrafélag. Foreldrar upplýstir um hlutverk foreldrafélags.
Ábyrgð	Leikskolastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Eftirfylgni og símat.
Viðmið um árangur.	Foreldrafélag sé búið að stofna reikning og halda sumarhátíð vorið 2027.

4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í september – október 2025. Leikskólastjóri ræddi við starfsfólk og fór yfir starfsþróun og líðan.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

1. Skipulagsdagur 28. ágúst – Undirbúningur skólaárs / kynning og fræðsla á áhersluþáttum vetrarins.
2. Skipulagsdagur 06. nóvember – Fræðsla/námskeið: málörvun-málþroski.
3. Skipulagsdagur 05. febrúar 2027 – Dagur leikskólans – fræðsla/námskeið: útinám.
4. Skipulagsdagur 27. apríl - Menntakvika
5. Skipulagsdagur 18. og 19. maí - Námsferð

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Ekki er komin tímasett áætlun um samstarf við grunnskóla og frístund. Samstarfið hefur verið með sama hætti undanfarin ár og hefst eftir áramót. Samstarf felst í eftirfarandi viðburðum:

1. Skólaheimsókn – börnin fá að skoða skólann.
2. Bekkjarheimsókn – börnunum er skipt í hópa og fá að taka þátt í bekkjarkennslu.
3. Skólaleikrit – börnin fá að sjá æfingu á Rauðhettu sem 1. bekkur setur upp.
4. Vorskóli – börnin fara í vorskóla með foreldrum sínum.

7. Foreldrasamstarf

- Foreldraráð er starfandi og var kosið í byrjun skólaárs 2025.
- Foreldrafundur fyrir foreldra nýrra barna verður haldinn í ágúst 2026.
- Foreldraviðtöl verða haldin í nóvember 2026 og apríl 2027. Hver deildarstjóri skipuleggur sín viðtöl og systkinaviðtöl í samráði við stjórnendur.
- Kosið var í foreldrafélag í byrjun skólaárs 2025, en það hefur ekki enn tekið til starfa. Stefnt er að því að það verði virkt skólaárið 2026-2027.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2026-2027 eru eftirfarandi:

- Föstudaginn 28. ágúst 2026.
- Föstudaginn 06. nóvember 2026
- Föstudagur 05. febrúar 2027
- Þriðjudagur 27. apríl 2027
- Þriðjudagur 18. maí 2027
- Miðvikudagur 19. maí 2027

Fyrirhugað var að hafa skipulagsdag 30. September 2026, á sama tíma og grunnskólar. En sökum þess að leikskólinn stefnir á að fara í námsferð utan vorið 2027 var óskað eftir því að breyta þessari dagsetningu í 18. maí 2027.

9. Þróunarverkefni

Leikskólinn tekur ekki þátt í þróunarverkefni skólaárið 2026-2027.

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat yngri deilda 2025-2026

Styrkleikar

Starfsandi: Allt starfsfólk á yngri deildum er áhugasamt um starfið og hefur verið lögð vinna í að starfsfólki líði vel og geti sinnt starfi sínu af fagmennsku. Gott samstarf er á milli deilda og hafa allir lagt sitt af mörkum til að styðja við starfið á deildunum.

Útinám: Vel hefur gengið að innleiða útinám á yngri deildum. Starfsfólk sat tvö námskeið um útikennslu sem vakti áhuga þeirra og hafa allir lagt sitt af mörkum til að þetta gangi upp. Fyrir utan daglega útiveru hafa deildir farið vikulega í útikennslu, aðallega í Öskjuhlíð. Skipulagið hefur að mestu haldist í allan vetur í öllum veðrum.

Leikurinn: Rými hafa verið vel nýtt undir leik og hafa börnin fengið tækifæri og tíma til að prófa sig áfram í margskonar leik. Starfsfólk hefur nýtt leikinn til að styðja við félagsfærni barna með góðum árangri.

Málörvun: Starfsfólki hefur verið leiðbeint um hvernig á að setja orð á athafnir og nota stundir eins og matartíma, bleyjuskipti og fataklefa til að auka orðaforða barna og lögð er áhersla á að börnin noti orðin sín og fái tækifæri til þess í öruggu umhverfi. Allt starfsfólk hefur staðið sig vel í þeim efnum. Áhersla hefur verið lögð á daglegar samverustundir þar sem við lesum, syngjum, hreyfum okkur og förum með einfaldar þulur og vísur. Markvisst hefur verið unnið með Lubba í vetur.

Tækifæri

Útinám: Nú er kjörið tækifæri til að byggja frekar ofan á útinámið okkar og gefa starfsfólki tíma til að skipuleggja útinámsverkefni tengt öðrum verkefnum í skólanum. Eins eru tækifæri til að víkka svæði útnáms enn frekar. Það er líka mikilvægt að skoða hvaða verkefni hægt er að vinna án þess að fara út af skólalóðinni, sérstaklega í byrjun skólaárs þegar börn eru í aðlögun og eins vegna ófyrirséðra ástæðna.

Leikurinn: Þar sem börnum fjölgar næsta haust þá þarf að nýta rými öðruvísi en hefur verið gert. Þetta skapar tækifæri til að endurhugsa leikrými og um leið er það kjörið tækifæri til að fræða starfsfólk enn og aftur um mikilvægi leiksins og hvernig það geti stutt við hann svo börnin dafni sem best.

Málörvun og málþroski: Vel hefur gengið að vinna með Lubba en hægt er að gera betur. Nú er tækifæri til að útbúa markvissari Lubba áætlun fyrr hverja deild. Að sama skapi er gott að hamra járnið á meðan heitt er og skipuleggja markvissari samverustundir. Málstefna og söngbók leikskólans eru í vinnslu og kjörið tækifæri að klára það næsta skólaár.

10.2 Innra mat eldri deilda 2025-2026

Styrkleikar

Útinám: Vel gekk að innleiða útinám á eldideildum og varð það fljótt fastur liður í vikuskipulagi deilda. Starfsfólk er áhugasamt um verkefnið og er búið að fá tvö námskeið/fræðslu um útinám. Eftir að hafa prófað að fara með allan hópinn í einu var ákveðið að betra væri að skipta hópum í tvennt til að koma á móts við þarfir barnanna.

Kubbar: Búið er að skipuleggja gott rými undir kubbastarf og merkja alla kubba. Börnin fór reglulega í hópastarf með kubba.

Málörvun: Málörvunstarf á elstu deildum hefur gengið vel. Söngur og lestur eru fastir liðir í vikuskipulagi og unnið er með orðaforða í hópastarfi. Einnig hafa deildir unnið með Lubba.

Tækifæri

Útinám: Almennt hafa ferðir gengið mjög vel og nú sjáum við tækifæri til að gefa útinámi meiri tíma í vikuskipulagi og skipuleggja verkefni á markvissari hátt í tengslum við námssvið leikskólans. Starfsfólk var áhugasamt eftir fræðslu sem það fékk á síðasta skólaári en nefndi að gott væri að fylgja slíkri fræðslu eftir strax með verkefnavinnu. Því er stefnt á að skipuleggja næstu fræðslu um útinám með þessar ábendingar í huga. Einnig er kjörið tækifæri til að meta starfið með börnunum á elstu deildunum.

Kubbar: Þar sem börnum er að fjölga í leikskólanum verður að færa kubbasvæði á nýjan stað. Því er tækifæri til að rýna hvernig best er að vinna með kubba í nýju rými og samhliða því að gefa starfsfólki tíma til að fræðast um notkun kubba í starfi með börnum.

Málörvun: Enn má gera betur með því að skipuleggja samverustundir á fjölbreyttari hátt og veit málörvun meira rými í öllu starfi. Eins er mikilvægt að skipuleggja starf með Lubba enn betur í samræmi við vinnu á öðrum deildum. Einnig er tækifæri til að skoða hvernig hægt er að koma málörvun erlendra barna inn í vikuskipulagið og vinna á markvissan hátt með gefðu 10.

10.3 Umbótaáætlun yngri deilda 2026-2027

1 – 3 ára	Grenihlíð – Víðihlíð - Furuhlíð
Umbótaþáttur	Útinám
Tækifæri til umbóta	Efla útinám og tengja við námssvið leikskóla.
Aðgerðir til umbóta	Gefa útinámi meiri tíma í vikuskipulagi með hliðsjón af aldri og þroska barna. Nýta leikskólalóð meira til útikennslu. Skipuleggja verkefni út frá námssviðum leikskóla. Gera skráningar.
Ábyrgð	Deildarstjórar yngri deilda.
Upphaf og lok	Skólaárið 2026-2027.
Innra mat	Metið á deildarfundum í desember og maí. Símat á deildarstjórafundum. Skráningar.
Viðmið um árangur	Að starfsfólk upplifi að það gangi vel og markmið hafi náðst.

1 – 3 ára	Grenihlíð – Víðihlíð - Furuhlíð
Umbótaþáttur	Leikur
Tækifæri til umbóta	Styðja betur við leik barna.
Aðgerðir til umbóta	Fræða starfsfólk um mikilvægi leiks. Starfsfólk kynnir sér leikefni og handbók um leikinn. Leikefni yfirfarið eftir aldri og þörfum hópsins. Rýna hvernig best sé að nýta rými.
Ábyrgð	Deildarstjórar yngri deilda.
Upphaf og lok	Sep.- Nóv. 2026
Innra mat	Metið á deildarfundum í nóvember.
Viðmið um árangur	Allt starfsfólk hafi lesið handbók um leikinn og fengið fræðslu um mikilvægi leiks. Leikefni á deildum sé við hæfi og rými vel nýtt.

1 – 3 ára	Grenihlíð – Víðihlíð - Furuhlíð
Umbótaþáttur	Málörvun
Tækifæri til umbóta	Efla málörvunarstarf á deildum.
Aðgerðir til umbóta	Skipuleggja markvisst Lubba starf og gera áætlun fyrir hverja deild. Skipuleggja markvissar samverstundir og gera áætlun um fjölbreyttar lestrar-, söng- og samverustundir.
Ábyrgð	Deildarstjórar á yngri deildum.
Upphaf og lok	Skólaárið 2026-2027
Innra mat	Endurmetið mánaðarlega á deildarfundum og uppfært eftir þörfum.
Viðmið um árangur	Að skipulagi hafi verið fylgt og starfsfólk upplifi sig öruggt í að stjórna samverustundum.

10.4 Umbótaáætlun eldri deilda 2026-2027

3 – 6 ára	Lerkihlíð – Reynihlíð - Birkihlíð
Umbótaþáttur	Útinám
Tækifæri til umbóta	Efla útinám og tengja við námssvið leikskóla.
Aðgerðir til umbóta	Gefa útinámi meiri tíma í vikuskipulagi og skipuleggja hópastærðir með þarfir barna í huga. Nýta leikskólalóð meira til útikennslu. Skipuleggja verkefni út frá námssviðum leikskóla. Gera skráningar.
Ábyrgð	Deildarstjórar eldri deilda.
Upphaf og lok	Skólaárið 2026-2027.
Innra mat	Metið á deildarfundum í desember og maí. Símat á deildarstjórafundum. Skráningar. Mat með börnum.
Viðmið um árangur	Að starfsfólk upplifi að það gangi vel og markmið hafi náðst.

3 – 6 ára	Lerkihlíð – Reynihlíð - Birkihlíð
Umbótaþáttur	Kubbar
Tækifæri til umbóta	Innleiða markvissara starf með holu- og einingakubba
Aðgerðir til umbóta	Skipuleggja nýtt kubbasvæði og veita starfsfólki fræðslu um notkun kubba í starfi með börnum.
Ábyrgð	Deildarstjórar eldri deilda.
Upphaf og lok	Skólaárið 2026-2027.
Innra mat	Metið á deildarfundum í desember og maí. Símat á deildarstjórafundum. Skráningar.
Viðmið um árangur	Að starfsfólk hafi fengið tækifæri til að kynna sér kubbastarf með börnum og að búið sé að skipuleggja nýtt kubbasvæði.

3 – 6 ára	Lerkihlíð – Reynihlíð - Birkihlíð
Umbótaþáttur	Málörvun
Tækifæri til umbóta	Efla málörvun á deildum
Aðgerðir til umbóta	Starfsfólk fær fræðslu um fjölbreyttar aðferðir í sögu- og söngstundum, lestur og söngur verður fastur liður í dagskipulagi, málörvunarhópar fá fastan stað í vikuskipulagi deilda, Lubbastarf verður skipulagt í samræmi við starf á öðrum deildum, starfsfólk notar gefðu 10 á markvissan hátt.
Ábyrgð	Deildarstjórar eldri deilda.
Upphaf og lok	Skólaárið 2026-2027.
Innra mat	Metið á deildarfundum í desember og maí. Símat á deildarstjórafundum. Skráningar um skipulag.
Viðmið um árangur	Samverustundir (sögur og söngur) séu í dagskipulagi, starfsfólk hafi tileinkað sér fjölbreyttar aðferðir í samverustundum, málörvunarhópar séu í vikuskipulagi deilda, komið sé skipulag um Lubbastarf yfir allan skólann. Starfsfólk hefur notað gefðu 10 á markvissan hátt.

10.5 Leikskóladagatal 2026-2027



F. h. leikskólans Ævintýraborg við Nauthólsveg
Anna Metta Norðdahl, leikskólastjóri
Reykjavík, 07.07.2026

10.6 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027
Ævintýraborg við Nauthólsveg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Arna Stefanía Guðmundsdóttir
Maria S. Castillo Feo La Cruz
Ragna Hjartar
Ögmundur Eiríksson

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs? Já

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg? Já

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra? Góð samantekt um markmið í faglega starfinu og þróun í starfsmannamálum. Lítið rætt um áskoranir tengdar fyrirhugaðri fjölgun barna.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina? Tilfærsla skipulagsdaga mun fyrirsjáanlega henta hluta foreldra illa. Vona að sú starfsþjálfun sem tilfærslan gerir mögulega verði þess virði.

Fulltrúar í foreldraráði:

Arna Stefanía Guðmundsdóttir
Maria S. Castillo Feo La Cruz
Ragna Hjartar
Ögmundur Eiríksson

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Rafræn undirritun.

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST